

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík



Reykjavík 28. janúar 2016
UST201511-152/B.S.
09.07.01

Efni: Framkvæmdarleyfi - Bláfjallafólkvangur og Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Landsnets hf. dags. 19. 11. 2015, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Bláfjallafólkvangs og Reykjanesfólkvangs. Línan verður einnig lögð um vatnsverndarsvæði.

Lýsing framkvæmdar: Lögð verður 220 kV háspennulína frá spennistöð á Sandskeiði að Stórhöfða í Hafnarfirði. Nýja línan mun fylgja Búrfellslínu 3. og nýta núverandi línuveg. Lagðir verða nýjir hliðarslóðar og plön gerð við mastrastæði. Efni verður sótt í opnar námur.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Bláfjallafólkvangs er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. og 3. gr. auglýsingar um fólkvanginn, nr. 173/1985. Allt jarðrask innan Reykjanesfólkvangs er bannað nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til sbr. 2. gr. auglýsingar um fólkvanginn nr. 520/1975. Ferlaufungur finnst í hraunsprungum á svæðinu og er hann friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum. Samkvæmt auglýsingu nr. 188/1978 um friðlýsingu nokkura plöntutegunda í Stjórnartíðindum B. er óheimilt að slíta af Ferlaufungi sprota, blöð, blóðm eða rætur, traðka á honum, grafa hann upp eða skerða á annan hátt. Jafnframt er hann talin vera í nokkuri hættu á válista. Talið er að vaxtarsvæði hans gæti raskast á mjög afmörkuðum svæðum vegna aðkomuslóða eða mastra. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, gróður og landslag innan fólkvangana. Jafnframt er hætta á að vaxtarsvæði friðaðrar burknategundar muni raskast. Gæta þarf sérstakrar aðgæslu við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum. Að framkvæmd lokinni verður Hamraneslína rifin.

Skilyrði

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu Sandskeiðslínu 1. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Mosa sem annars færi undir slóðir og plön verði haldið til haga og nýttur til uppgræðslu eins og gert hefur verið á Hellisheiði.
- Ekki verði sáð grasfræi í mosagróið hraun. Þar sem frædreifing fer fram á röskuðum svæðum skal val á fræjum fara eftir gróðurfari svæðisins.
- Mannvirkjum skal hnikað til ef ferlaufungur finnst á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Merkja skal plöntur sem kunna að finnast í næsta nágrenni framkvæmdasvæða, til að tryggja að plantan verði ekki fyrir skemmdum.


- Farið verði eftir þeim aðgerðum sem lýst er í leyfisumsókn og ætlað er að hindra mengun og rask af völdum vinnutækja á vatnsverndarsvæðum.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri